

Lærisveinarnir 12

Á einhverju þekktasta málverki allra tíma, Síðustu kvöldmáltíðinni, gerðu á árunum 1495-1498 af Leonardo da Vinci, gefur að líta tólf einstaklinga og að auki meistarann sjálfan. Að flestra álitu eiga þetta að vera lærisveinarnir 12, þótt deilt sé um eina manneskju þar og sumir vilja meina að sé María Magdalena en ekki Jóhannes.



Ættkvíslirnar tólf

Þessi hópur var fulltrúi ættkvíslanna tólf sem komnar voru af eftirtöldum sonum Jakobs (er síðar nefndist Ísrael): Asser, Benjamín, Dan, Gað, Íssakar, Jósef, Júda, Leví, Naftalí, Rúben, Sebúlón og Símeon. Og með þeirri skipan rættist fyrirheitið í 31. kafla spádómsbókar Jeremía, 1. versu, er segir: „Á þeim tíma mun ég," segir Drottinn, „vera Guð fyrir allar ættkvíslir Ísraels, og þeir munu vera mín þjóð."

Matteusarguðspjall

Í Matteusarguðspjalli (10:2-4) er þessi nafnalisti og röð lærisveinanna: Símon Pétur, Andrés bróðir hans, þá Jakob Sebedusson og Jóhannes bróðir hans, Filippus og Bartólómeus, Tómas og Matteus tollheimtumaður, Jakob Alfeusson og Taddeus, Símon vandlætari og Júdas Ískariót.

Markúsarguðspjall

Í Markúsarguðspjalli (3:16-19) þessi: Símon Pétur, Jakob Sebedusson og Jóhannes bróðir hans, Andrés, Filippus, Bartólómeus, Matteus, Tómas, Jakob Alfeusson, Taddeus, Símon vandlætari og Júdas Ískariót.

Lúkasarguðspjall

Í Lúkasarguðspjalli (6:14-16) þessi: Símon Pétur, Andrés bróðir hans, Jakob og Jóhannes, Filippus og Bartólómeus, Matteus og Tómas, Jakob Alfeusson og Símon, kallaður vandlætari, og Júdas Jakobsson og Júdas Ískariót.

Jóhannesarguðspjall

Í Jóhannesarguðspjalli er enginn listi.

Postulasagan

En í Postulasögunni (sem Lúkas guðspjallamaður ritaði) eru þessir nefndir: Pétur, Jakob, Jóhannes, Andrés, Filippus, Tómas, Bartólómeus, Matteus, Jakob Alfeusson, Símon vandlætari og Júdas Jakobsson.

Þrjú hópar lærisveina

Fræðimenn þykjast geta lesið út úr guðspjöllunum, að Jesús hafi skipt þessum innsta læri-

sveinahring í þrjá hópa. Í þeim fyrsta munu hafa verið Andrés, Símon Pétur og Zebedeussynirnir tveir, í öðrum Bartólómeus, Filippus, Matteus og Tómas og í þeim þriðja Jakob Alfeusson, Júdas Ískariot, Júdas Jakobsson (einnig nefndur Lebbeus og Taddeus) og Símon vandlætari. Þeir fyrstnefndu eru taldir hafa staðið Jesú næst, enda fyrstu lærisveinar hans, annar hópurinn svo og hinn þriðji verið fjartengdastur.

Hver kom í stað Júdasar?

Þegar Júdas Ískariot hvarf á braut varð að fylla skarð hans. Og í staðinn kom Mattías. Um hann er fátt vitað, enda er ekkert nánar frá honum greint á blöðum Nýja testamentisins. Austurkirkjan segir hann fæddan í Betlehem og hafa verið af ættkvísl Júda.

Hvað trúboð varðar er Mattías sagður hafa prédikað fagnaðarerindið í heimalandi sínu og Júdeu til að byrja með, farið síðan til Antíokkíu í Sýrlandi og borganna Tianum og Sinope í Kappadókiu (þar sem nú er Mið-Tyrkland) og á svæði við Kaspíahaf (m.a. um Skýþíu og Armeníu). Einnig er Egyptaland nefnt í þessu sambandi og Eþíópía hin afríska. Um tíma var hann í slagtogi með Andrési að því er fornar bækur herma. Meðal einkennistákna hans eru kross, opin bók, öxi (ein- eða tvíblaða) og spjót (lensa eða atgeir). Jarðneskar leifar hans eru sagðar vera í Róm á Ítalíu og í Trier í Þýskalandi.

Sigurður Ægisson, guðfræðingur og þjóðfræðingur